

183. fundur fræðslunefndar haldinn í GSNB Hellissandi 22. september 2015 kl. 20.

Mætt Hilmar Már Arason, Guðríður Þórðardóttir, Birna Sigurðardóttir, Ari Bent, Laufey Helga Árnadóttir, Gunnar Ólafur Sigmarsson, Örvar Marteinson, Adela M. Turloiu, Valentina Kay, Ingigerður Stefánsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir og Þórunn Hilma Svavarsdóttir.

Formaður setur fund og ræðir skipulag fundarhalds.

Valentína – tónlistarskóli

- Tónlistarskóli fylgir grunnskólanum í skipulagi.
- Innritun 17.-19.ágúst. 75 nemendur, Lena bættist við sem kennari í Lýsuhólsskóla með Jenna.
- 12.-14.október verða tónleikar fyrir foreldra.
- Nóvember er undirbúningstími fyrir jólatónleika
- Í desember eru jólatónleikar með breyttu sniði.
- Samstarf við leikskóla. Leikskólinn Krúból kom í heimsókn í september.
- Nanna kemur einu sinni í viku á Krúból og Krílakot.
- Viðgerðir unnar á húsnæði bæði í Ólafsvík og Hellissandi.

Ingigerður, Adela og Hermína – leikskólar

- Leikskóli byrjaði 13.ágúst eftir fjögurra vikna sumarfrí.
- Ársskipulag lagt fram
- Námskrá og markmið kynnt fyrir alla aldurshópa.
- Umræður vegna hugsanlegs sameiginlegs fundar grunnskóla og leikskóla vegna samfellu skólastiga.
- Þrjú starfsdagar á ári
- Ráða þurfti starfsfólk til að ná að manna leikskólana yfir sumarið. Umræður um lengd sumarleyfislokana. Skoða þarf sumarleyfislokana í sambandi við nýtingu á starfsfólki og fjármagni.
- Verið að skipta um hurðir á Krílakoti.
- Búið að gera teikningu á plani hjá Krúbóli. Næsta skref er að gera áætlun um framkvæmdir. Nauðsynlegt að þær framkvæmdir fari fram sem fyrst.

Hilmar – grunnskóli

- Rætt um ytra mat sem gert var á grunnskólanum og rætt um umbætur.
- Áhersluatriði skólans eru að skólinn er grænánaskóli, Olweusarskóli, heilsueflandi skóli og með áttahafræðinámskrá.
- 22.september var undirritaður Þjóðarsáttmáli um læsi fyrir Snæfellsnes á Stykkishólmi.
- Skólinn fékk styrk frá endurmenntunarsjóði grunnskóla til endurmenntunar kennara í upplýsingartækni.
- Auka fjárveiting lögð í endurbætur búnaðar og viðhald.
- Umræður um fjöltyngi og hvaða ráðstafanir hægt er að gera til að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna. Það er búinn að vera vilji skólanefndar og skólastjórnenda í mörg ár að leggja áherslu á þennan málaflokk.
- Drög að starfsáætlun grunnskóla Snæfellsbæjar lögð fyrir.

Fundi slitið og fleira ekki gert kl.21.40